

Þetta skal ákveðið með gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Holræsagjald má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

15. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærri en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

16. gr.

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og vatnalögum nr. 15/1923. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

17. gr.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs og sett er á grundvelli X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 9. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmdaleyfi í Djúpvogshreppi.

Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 10.000, enda geti sveitarfélagið ætíð, þegar lágmarksgjaldi er beitt, sýnt fram á að það hafi borið a.m.k. þann kostnað við útgáfu leyfis. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar m/v grunnvísitölu í janúar 2004, 287,8 stig.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð, en nemur kostnaði þeim, er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits. Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis, telst kostnaður, sem sveitarfélagið hefur vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. *Gjaldlagi.*

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna. Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. *Innheimta gjalda.*

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi, án undangengings dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þótt framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjaldtöku samkvæmt gjaldskrá þessari fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt eftir 2 umræður í sveitarstjórn Djúpavogshrepps 15. janúar 2004.

Djúpavogi, 30. janúar 2004.

F.h. sveitarstjórnar Djúpavogshrepps,

Bj. Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018, varnargarður við Fláajökul.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 1998-2018 frá 23. janúar 2001.

Breytingin felst í að staðsetning á varnargarði við Fláajökul á Mýrum við Hólmsá/Hleypilæk er færð til um 400 m til norðvesturs nær jökuljaðri.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hornafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.